

Mánudaginn 10. október 1977.

Nr. 238/1976. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Sigurði Ellert Jónssyni

(Hákon Árnason hrl.).

Fjársvik. Skjalafals. Kyrrsetning bifreiðar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Í héraðsdómi eru brot ákærða réttilega heimfærð til refsí-
ákvæða.

Með vísun til hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta ákvæði hans um refsingu ákærða og frádrátt gæsluvarðhaldsdaga frá henni. Staðfesta ber og ákvæði héraðsdóms um greiðslu skaðabóta, þó þannig, að ársvextir ákveðast 9% frá 12. september 1974 til 16. júlí s. á. og 13% frá þeim degi til greiðsludags. Samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 144. gr. laga nr. 74/1974 þarf ekki að höfða mál „til réttlætningar kyrrsetningu“, sem fram fer eftir þessari lagagrein, svo sem hér var. Ber því að fella úr gildi ákvæði héraðsdóms um staðfestingu kyrrsetningar bifreiðarinnar R 5498.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns hans, samtals 130.000 krónur fyrir báðum dómum, og saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, 80.000 krónur, er renni í ríkissjóð.

D ó m s o r ð :

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um refsingu ákærða, Sigurðar Ellerts Jónssonar, og um frádrátt gæsluvarðhaldsdaga frá henni eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði Alþýðubanka Íslands h/f 200.000 krón-

ur með 9% ársvöxtum frá 12. september 1974 til 16. júlí s. á. og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um staðfestingu kynrsetningar bifreiðarinnar R 5498 er úr gildi felld.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hákonar Árnasonar hæstaréttarlögmanns, samtals 130.000 krónur fyrir báðum dómum, og saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, 80.000 krónur, er renni í ríkissjóð.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 9. apríl 1976.

Ár 1976, föstudaginn 9. apríl, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem, sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 211/1976: Ákærvaldið gegn Sigurði Ellert Jónssyni, sem tekið var til dóms 5. þ. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 26. júní 1975, „á hendur Sigurði Ellert Jónssyni, leigubifreiðarstjóra, Bárugötu 6 í Reykjavík, fæddum þar í borg 13. júlí 1931, fyrir:

- I. Fjársvik, með því að framvísa í Búnaðarbanka Íslands, Austurbæjarútibúi í Reykjavík, 26. apríl 1974, sparisjóðsbók nr. 74321 við aðalbankann og hagnýta sér til úttektar á kr. 350.000.00 í reiðufé af tilgreindri innstæðu bókarinnar, sem ákærði vissi, að móðir hans, Þórey Guðlaugsdóttir, hafði opnað þann sama dag og skráð á nafn ákærða með 370.000.00 kr. innleggi, greiddu með tékka, er hún fann útfylltan í fórum ákærða og tók af honum vegna ölvunar. Tékkann, sem var á Útvegsbanka Íslands, útibúið á Seyðisfirði, C Nr. 20799, hafði ákærði gefið út í Reykjavík 25. apríl 1974 til handhafa, að fjárhæð kr. 370.000.00 á hlaupareikning nr. 1028, en tékkaeyðublaðið hafði ákærði fengið út á hlaupareikning sinn við þann banka, nr. 935, sem hafði verið lokað 30. október 1972.
- II. Skjalafals, með því að framvísa í Alþýðubankanum h/f í Reykjavík 12. september 1974 tékka á Sparisjóð Hafnarfjarðar, L Nr. 73671 á hlaupareikning nr. 1079 og dagsett-

an 11. september, sem útgefandinn, Kristinn Árnason, Strandgötu 30 í Hafnarfirði, hafði afhent í viðskiptum við leigubifreiðarstjóra frá Borgarbílastöðinni til greiðslu á kr. 850.00, útgefinn með eigin nafnritun, en óútfylltan að öðru leyti, en ákærði Sigurður Ellert hafði við framvísun tékkans í Alþýðubankanum útfyllt að fjárhæð kr. 850.000.00 og á bakhlið hans falsað framsalsnafnritunina Bjarni Erlends-son, Suðurgötu 49 Hf S. 50156. Með tékkanum greiddi ákærði 650.000.00 kr. innlegg á sparisjóðsbók sína við bankann nr. 340820, en fékk mismuninn, kr. 200.000.00, greiddan í reiðufé.

Brot ákærða, sem í I. lið greinir, telst varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en brot hans, sem í II. lið greinir, við 1. mgr. 155. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1955 9/2 Reykjavík: Dómur: Fangelsi 5 ár, sviptur kosningarétti og kjörgengi, fyrir brot á 2. mgr. 162. gr., 215. og 248. gr., sbr. 20. gr. hegningarlaga.
- 1956 13/1 Reykjavík: Staðfest í Hæstarétti.
- 1964 19/11 Reykjavík: Dómur: 12.000 kr. sekt fyrir brot gegn 108. gr. hegningarlaga.
- 1967 22/5 Reykjavík: Veitt uppreist æru, að því er snertir dóm Hæstaréttar uppkv. 13/1 1956.
- 1967 21/9 Akureyri: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga og 7. gr. lögreglusamþykktar.
- 1969 1/4 Reykjavík: Áminning fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1969 5/8 Reykjavík: Sátt, 3.500 kr. sekt fyrir áfengis- og umferðarlagabrot. Sviptur ökuleyfi í 4 mánuði.
- 1969 5/8 Reykjavík: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot gegn 248. gr. hegningarlaga.
- 1970 13/3 Reykjavík: Sátt, 3.000 kr. sekt fyrir brot gegn 3. gr. reglugerðar nr. 105/1936 og lögum nr. 69/1936.
- 1974 24/5 Reykjavík: Sátt, 3.400 kr. sekt fyrir brot á reglugerð nr. 185/1966 og 48. gr. og 51. gr. umferðarlaga.

Málavextir eru þessir:

I.

Með bréfi, dagsettu 5. nóvember 1974, kærði Búnaðarbanki Íslands út af því, að tékki C Nr. 20799, er reyndist innstæðulaus, að fjárhæð kr. 370.000, útgefinn til handhafa 25. apríl 1974 af ákærða, Sigurði Ellert Jónssyni, stílaður á hlaupareikning nr. 1028 við Útvegsbanka Íslands, útibúið á Seyðisfirði, hefði verið seldur í aðalbankanum. Hefði þetta gerst 26. apríl sama ár og framseljandi verið Þórey Guðlaugs. Þegar tékkinn barst útibúinu hinn 9. maí reyndist hlaupareikningur nr. 1028 ekki vera til þar og ákærði enga innstæðu eiga í útibúinu. Andvirði tékkans, kr. 370.000, hafði Þórey Guðlaugsdóttir, Langholtsvegi 13, lagt inn á sparisjóðsbók nr. 74321, sem hún stofnaði á nafni sonar síns, ákærða Sigurðar Ellerts. Sama dag hafði ákærði komið í Austurbæjarútibú Búnaðarbankans og tekið út úr sparisjóðsbókinni kr. 350.000. Af hálfu bankans hafði verið reynt að ná sparisjóðsbókinni, er var með 20.000 kr. innstæðu, hjá ákærða, en tilraunir til þess ekki borið árangur.

Ákærði, Sigurður Ellert Jónsson, skýrði frá því í upphafi við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni, að hann hafi á árunum 1967 til 1969 verið með fiskverkun á Seyðisfirði. Hafði hann viðskipti við útibú Útvegsbankans þar á staðnum og opnaði hlaupareikning nr. 935. Árið 1969 veiktist ákærði og varð að hætta fiskverkuninni. Fluttist hann til Reykjavíkur og hugði ekkert að bankaviðskiptunum eftir það. Hinn 25. apríl 1974 gaf ákærði út tékka á eyðublað C Nr. 20799, er var úr tékkhefti frá útibúinu. Tékkinn, sem var að fjárhæð kr. 370.000, var gefinn út til handhafa á hlaupareikningsnúmerið 1028. Var ástæðan sú, að ákærði mundi ekki númerið á hlaupareikningi sínum, 935, og tékkinn átti aldrei að fara í banka. Ákærði var nokkuð drukkinn daginn eftir og var heima hjá móður sinni, Þóreyju Guðlaugsdóttur, að Langholtsvegi 13. Hafði hann tékkann meðferðis og var að handleika hann ásamt meira fé. Móður ákærða líkaði það ekki og tók tékkann, án þess að ákærði vissi af því. Fór hún með hann í Búnaðarbankann og lagði hann inn á sparisjóðsbók á nafni ákærða. Ákærði komst að þessu sama dag. Fékk hann sparisjóðsbókina hjá móður sinni, fór með hana í Austurbæjarútibú Búnaðarbankans og tók út úr henni kr. 350.000. Var það hugmynd ákærða að fara með peninga þessa niður í Útvegsbanka, greiða þá þar og fá mál þetta út úr heiminum, enda hafi hann vitað, að innstæða var ekki til fyrir tékkanum. Ákærði gerði það ekki, en var með peningana í fórum sínum ölvaður og týndi þeim.

Í fyrri framburði sínum í dómi staðfesti ákærði þetta, en skýrði að auki frá því, að fyrir um 7 árum hafi hann falið útibúi Útvegsbankans á Seyðisfirði að innheimta fyrir sig víxil að fjárhæð kr. 200.000, er maður að nafni Valdimar Erlendsson hafði samþykkt. Ákærði stóð í þeirri trú, að þessar 200.000 kr. stæðu inni á reikningi hans. Hann hafði þó ekki fengið neina tilkynningu um þetta frá bankanum né heldur að hlaupareikningi hans nr. 935 hefði verið lokað.

Í dómi síðar skýrði ákærði frá því, að hann hefði ekkert sérstakt haft í huga, er hann gaf framangreindan tékka út, og tilgangur sinn hafi ekki verið, að hann yrði seldur í banka. Ákærði setti hlaupareikningsnúmerið 1028 á tékkann af fiktí. Ákærði kveðst ekkert hafa minnst á tékkann við móður sína, er hann kom heim til hennar, en hún hafi vitað, að hann var með mikla peninga á sér. Ákærði fór á snyrtiherbergi og skyldi jakka sinn eftir á stól í stofunni eða eldhúsinu. Ákærði hafði ekki mjög langa viðdvöl hjá móður sinni, og þegar hann fór á brott, minntist hún ekkert á tékkann við hann. Ákærði telur, að hann hafi orðið var við það daginn eftir, að tékkinn var horfinn úr veski hans. Fór hann heim til móður sinnar og minntist á þetta við hana. Sagði hún þá ákærða, að hún hefði tekið tékkann og lagt andvirði hans inn á sparisjóðsbók við Búnaðarbanka Íslands. Ákærði heimtaði sparisjóðsbókina, og lét hún hann fá hana. Ákærði fór þessu næst í Búnaðarbankann og tók út úr sparisjóðsbókinni kr. 350.000. Ákærði var ölvaður heima hjá sér sama kvöld og hann fékk peningana í hendur. Var þar nokkuð af fólki, og hurfu peningarnir frá ákærða, en með hvaða hætti, getur hann ekki sagt um. Sparisjóðsbókin hefur ekki fundist.

Móðir ákærða, Þórey Lilja Guðlaugsdóttir, Langholtiavegi 13, færðist undan af heilsufarsástæðum að koma fyrir dóm í máli þessu og bera vitni. Hjá rannsóknarlögreglunni skýrði vitnið svo frá, að sonur þess, ákærði Sigurður Ellert, hafi komið heim til þess að Langholtiavegi 13 einhvern tíma vorið 1974 ásamt fleira fólki, sem vitninu leist ekki á. Bæði ákærði og fólk þetta var drukkið. Vitnið gaf ákærða að borða og sá þá, að hann var að handleika tékka, sem var að fjárhæð kr. 370.000. Fannst vitninu hann fara óvarlega með tékka með svo hárrí fjárhæð. Vitnið talaði um þetta við ákærða, en hann bað það að hafa ekki afskipti af því, hann gæti séð um sig. Ákærði fór á snyrtiherbergi, en fór úr jakkanum áður. Vitnið tók þá tékkann og faldi hann í því skyni, að hann lenti ekki í óheppilegum höndum, eins og vitnið orðar

það. Ákærði fór á brott, en daginn eftir fór vitnið í leigubifreið í viðskiptabanka þess, þ. e. Búnaðarbanka Íslands. Lagði það andvirði tékkans inn á sparisjóðsbók á nafn ákærða. Aðstoðaði stúlka í bankanum vitnið við að útfylla innlagningarseðilinn, en vitnið ritaði nafn sitt á hann. Vitnið ritaði framsal á tékkann og fékk gjaldkera hann. Færði gjaldkerinn númer sparisjóðsbókarinnar á innlagningarseðilinn og fékk vitninu sparisjóðsbókina í hendur. Vitnið fór með sparisjóðsbókina heim til þess. Kom ákærði þangað sama dag og spurði vitnið um tékkann. Vitnið sagði ákærða, hvað það hefði gert við tékkann, og sagði ákærði þá, að innstæða væri ekki til fyrir honum. Vitnið afhenti ákærða sparisjóðsbókina. Vitnið bauð ákærða að ganga frá málinu, því að þetta væri þess verk, en því hafnaði ákærði og sagðist ætla að gera það sjálfur. Vitnið kveðst hafa talið, að ákærði ætti peninga á banka í útibúi Útvegsbankans á Seyðisfirði, enda hafði hann haft mikil viðskipti þar, er hann var við fiskverkunina.

Í bréfi frá útibúi Útvegsbanka Íslands á Seyðisfirði, dags. 6. nóvember 1976, segir, að ávísun C Nr. 20799 sé úr tékkhefti, sem ákærði Sigurður Ellert hafi fengið á hlaupareikning nr. 935. Ákærði hafði opnað hlaupareikninginn 17. nóvember 1967, og var hann aðallega notaður í sambandi við kaup ákærða á ufsa. Síðasti tékki, er var nr. 20795, var innleystur 17. mars 1969. Reikningurinn var ekki notaður meira, og var honum lokað 30. október 1972.

Niðurstöður.

Með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins telst sannað, að hann hafi gerst sekur um atferli það, sem honum er gefið að sök í I. kafla ákæru og nú hefur verið rakið. Með því að taka út kr. 350.000 í Búnaðarbanka Íslands af innstæðu sparisjóðsbókar nr. 74321, sem hafði stofnast með innstæðulausum tékka, útgefnum af ákærða sjálfum, og nota í eigin þágu hefur ákærði orðið brotlegur við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Búnaðarbanki Íslands gerði upphaflega skaðabótakröfu í máli þessu, en féll frá henni. Samkvæmt upplýsingum frá Þorvaldi Einarssyni héraðsdómslögmanni, lögfræðingi bankans, samþykkti ákærði víxil fyrir framangreindri fjárhæð og lét bankanum í té ásamt tryggingarbréfi með veði í landspildu í landi Miðdals í Mosfellshreppi.

II.

Miðvikudaginn 18. september 1974, kl. 1115, fór Haukur Bjarnason rannsóknarlögreglumaður í Alþýðubankann vegna tilmæla frá

bankanum þá rétt áður um rannsókn út af því, að kona, er stödd væri þar, væri að taka út úr bankabók af innstæðu, sem talið var, að hefði verið lögð inn á bókina með fölsuðum tékka. Með Hauki fór Jón Svanþórsson rannsóknarlögreglumaður, og höfðu þeir tal af Gísla Jónssyni, skrifstofustjóra bankans. Hjá honum var stödd Inga Lára Matthíasdóttir, Hátúni 6, og kvaðst hún vera að taka út úr sparisjóðsbók fyrrverandi eiginmanns síns, ákærða Sigurðar Ellerts Jónssonar. Inga Lára skýrði frá því, að ákærði væri í leigubifreið fyrir utan bankann. Væri hann lasinn og vildi ekki koma inn. Ákærði var sóttur út í bifreiðina, og bar Gísli á hann, að hann hefði komið í bankann 12. september 1974 og lagt inn ávísun að fjárhæð kr. 850.000. Hefðu kr. 650.000 af fjárhæðinni farið inn á sparisjóðsbók hans nr. 340820, en mismuninn, kr. 200.000, hefði hann fengið greiddan í peningum. Þegar bankinn setti tékkann í ávísanaskipti Seðlabankans, hefði komið í ljós, að hann var falsaður. Ákærði neitaði að hafa komið með umræddan tékka í bankann og kvaðst hafa lagt inn fjárhæðina, kr. 650.000, í peningum, en ekki ávísun. Nefndur tékki var í Sparisjóði Hafnarfjarðar. Fór Haukur Bjarnason sama dag í sparisjóðinn og hafði tal af fulltrúa þar. Sýndi hann Hauki tékkann, en kvaðst ekki geta afhent hann, þar sem eftir væri að kanna málið nánar. Hann lét hins vegar í té ljósrít af tékkanum. Rétt á eftir komu þeir Guðjón Steingrímsson hæstaréttarlögmaður og Kristinn Hallgeir Árnason, Strandgötu 30, Hafnarfirði, í sparisjóðinn, en eyðublað tékkans var úr tékkhefti Kristins og nafn útgefanda Kristinn Árnason. Kristinn kvaðst minnst þess að hafa fengið leigubifreiðarstjóra til að annast búðarinnkaup fyrir sig nokkrum dögum áður. Hefði hann greitt honum með tékkanum, sem þá var að fjárhæð kr. 850. Kristinn kvaðst hafa ritað nafn sitt á tékkann sem útgefandi, en látið bifreiðarstjórann fylla hann út að öðru leyti. Þó kvaðst hann minnst þess að hafa skrifað tölustafina 850 á tékkann í þar til gerðan reit.

Rannsóknarlögreglan hélt áfram rannsókn í málinu, og var ákærði Sigurður Ellert úrskurðaður daginn eftir í allt að 20 daga gæsluvarðhald. Ákærði kærði úrskurðinn til Hæstaréttar, en hann var staðfestur þar hinn 26. sama mánaðar.

Alþýðubankinn h/f áréttaði kæru sína með bréfi, dags. 20. september. Segir þar á þessa leið:

„Hinn 12 .sept. s.l. kom í bankann maður með ávísun að fjárhæð kr. 850.000.00 útgefna 11.9.'74 af Kristni Árnasyni á hlaupa-reikning nr. 1079 við Sparisjóð Hafnarfjarðar. Ávísun þessi var

ábezt af Bjarna Erlendssyni, Suðurgötu 49, Hafnarfirði. Maðurinn óskaði að leggja inn kr. 650.000.00 af andvirði ávísunarinnar á sparisjóðsbók Sigurðar Jónssonar, Hátúni 6 (Bárugötu 6 skv. innleggssótu) nr. 340820 við Alþýðubankann.

Viðkomandi afhenti útfyllta innleggssótu, en á henni hafði númer bókarinnar misritast í nr. 3408020, og var það númer fært á bakhlið ávísunarinnar af gjaldkera bankans. Innleggið var merkt XXX. Maðurinn tók við kr. 200.000.00 í peningum og fór. Ekki sást hann undirrita nein skjöl við þetta tækifæri.

Hinn 17. sept. kemur í bankann kona með sparisjóðsbók 340820 til að taka út kr. 200.000.00. Hún skrifar úttektarnótu merktá XXX, en vegna mistaka í bókum hafði bankinn skráð merkið XX fyrir bókina. Vegna misræmis var afgreiðsla á úttekt konunnar stöðvuð, og var henni sagt, að eigandi bókarinnar yrði að koma sjálfur til að gefa upp rétt merki fyrir bókina.

Sagði hún hann biða úti í leigubifreið, og fór konan út, en kom inn aftur og sagði eiganda bókarinnar ófáanlegan til að koma inn.

Sama kona kom að bankanum eftir lokun þennan sama dag, en náði ekki að komast inn. Þá skömmu áður hafði eigandi bókarinnar hringt í bankann og sagst vera veikur, og var ákveðið í samráði við hann, að merki bókarinnar yrði XX.

Um morguninn 18. sept. er hringt úr Sparisjóði Hafnarfjarðar og upplýst, að ekki sé til innistæða fyrir ávísun þeirri, er að framman getur, og hvorki útgefandi né ábekingur ávísunarinnar kannist við að hafa ritað á hana.

Síðar mun hafa rifjast upp fyrir útgefanda að hafa látið frá sér fara útgefna en útfyllta ávísun nú nýlega.

Skömmu eftir opnun bankans þann 18. sept. kemur hin umrædda kona til að taka út úr sparisjóðsbók 340820.

Var hún látin fylla út úttektarnótu, en síðan tilkynnt um komu hennar til lögreglu. Úttektarbeiðni hennar var ekki afgreidd.

Tékkir sá, er að framan greinir, er ritaður á eyðublað L Nr. 73671 frá Sparisjóði Hafnarfjarðar. Hann er að fjárhæð kr. 850.000, útgefinn til handhafa af Kristni Árnasyni hinn 11/9 1974. Á bakhlið tékkans er ritað framsalið Bjarni Erlendsson, Suðurgötu 49, Hf. s. 50156. Þar fyrir neðan er skráð talan 3408020. Á tékkann er stimplað „Greitt 12. sept. 1974. Alþýðubanki Íslands h.f.“ Loks er stimplað og útfyllt í stimpilinn, að tékkanum hafi verið framvísað kl. 1600 hinn 16. september 1974 í Sparisjóði Hafnarfjarðar, en innstæða þá ekki verið næg. Á ljósriti, er barst

frá Sparisjóði Hafnarfjarðar af tékkanum, er talan 3408020 skráð á bakhlið hans.

Samkvæmt ljósriti af innlagningarseðli frá Alþýðubankanum lagði Sig. Jónsson kr. 650.000 inn á sparisjóðsbók nr. 3408020 með merki XXX, eign Sigurðar Jónssonar, Bárugötu 6, R, hinn 12. september 1974. Í yfirliti um innstæður í bókinni segir, að lagt hafi verið inn á hana kr. 100.000 30. mars 1973, en í lok þess árs hafi innstæðan verið kr. 1.876. Hinn 8. júlí 1974 var byrjað að leggja inn á bókina, og var innstæðan 30. júlí kr. 280.076. Daginn eftir, hinn 31. júlí, eru teknar út kr. 100.000 og daginn þar á eftir, eða 1. ágúst, eru teknar út kr. 175.000, og er þá innstæðan kr. 5.076. Hinn 19. ágúst eru teknar út kr. 5.000, og er þá innstæða kr. 76. Eftir það eru engar hreyfingar á innstæðu í bókinni, uns hinn 12. september, að lagðar eru inn á hana kr. 650.000. Hinn 17. september eru skv. yfirlitinu teknar út kr. 200.000 af innstæðunni, þannig að hún er þá orðin kr. 450.076. Þá liggur fyrir ljósrit af úttektarseðli frá Alþýðubankanum, sem eigi verður greint, að sé með dagsetningu, en er með ártalinu 1974 og merkinu XX. Samkvæmt honum hefur Inga L. Matthíasdóttir ætlað að taka kr. 200.000 út af framangreindri sparisjóðsbók, en til þess kom ekki.

Samkvæmt yfirliti um innstæðu á sparisjóðsbókinni átti að taka út af henni kr. 200.000 17. september, en er leiðrétt sama dag, þannig að ekkert fer út úr henni, og er innstæðan kr. 650.076 við lok þess dags.

Vitnið Kristinn Hallgeir Árnason hefur skýrt frá því, að það hafi verið statt að Laugarnesvegi 48 hér í borg, er það lét framangreindan tékka af hendi. Vitnið, sem var eitt síns liðs, var nokkuð með áhrifum áfengis og hafði verið það nokkra daga á undan. Vitnið kveðst yfirleitt skipta við Borgarbílastöðina, er það þurfi á leigubifreið að halda. Vitnið þurfti að fá vörur úr búð, svo sem vindlinga og gosdrykki, og hringdi á leigubifreið til að fá bifreiðarstjórann til að annast þetta fyrir sig. Vitnið telur nokkurn veginn víst, að það hafi hringt á Borgarbílastöðina. Vitnið bað um leigubifreið, og kom hún stuttu eftir að vitnið hringdi. Kom bifreiðarstjórinn inn til vitnisins og hafði tal af því. Vitnið þekkti bifreiðarstjórann ekki og man ekkert, hvernig hann leit út. Vitnið kveðst annað hvort um leið og það hringdi á bifreiðastöðina hafa beðið um, að bifreiðastjórinn kæmi með tilteknar vörur til sín, eða þá, að það hafi beðið bifreiðarstjórann að fara út og kaupa vörurnar fyrir sig, eftir að hann kom á staðinn. Vitnið tók upp tékkhefti sitt og gaf út tékka til að greiða bifreiðarstjóranum

bæði fyrir aksturinn og vörurnar. Vitnið skrifaði nafn sitt sem útgefandi á tékkann. Sá vitnið tékkann og staðfesti nafnritun sína á honum. Vitnið er mjög skjálfhent og fékk bifreiðarstjórann til að útfylla tékkann fyrir sig. Vitnið telur, að bifreiðarstjórinn hafi útfyllt tékkann á staðnum, en hvað hann skrifaði á tékkann eða hvort hann lauk við að útfylla hann, getur það ekkert sagt um. Vitnið er þó á því, að það hefði aldrei látið bifreiðarstjórann fara með tékkann, nema hann hefði verið búinn að skrifa töluna 850 á hann með tölustöfum. Nánar um þetta getur vitnið ekkert borið, og það kveðst ekki muna eftir tölunni 850 í þessu sambandi.

Vitnið vissi svo ekkert frekar um mál þetta, fyrr en hringt var til þess frá Sparisjóði Hafnarfjarðar og því skýrt frá tékkanum, er borist hefði til sparisjóðsins. Vitnið hefur reynt að rifja upp mál þetta og afla upplýsinga um það, en ekkert orðið frekar ágengt í því efni. Vitnið hefur hlaupareikningsnúmerið 1079 við Sparisjód Hafnarfjarðar og hljóti það að hafa skýrt bifreiðarstjóranum frá því. Vitnið kannast við Bjarna Erlendsson, Suðurgötu 49, Hafnarfirði, en hefur engin viðskipti átt við hann sl. 20 ár.

Samkvæmt skýrslu rannsóknarlögreglunnar var farið með vitnið í fangageymsluna við Síðumúla hinn 19. september 1974 og það látið sjá ákærða. Vitnið treysti sér ekki til að benda á ákærða sem leigubifreiðarstjóra þann, er komið hefði til þess í umrætt sinn, enda hefði það þá verið drukkið.

Bjarni Erlendsson trésmíðameistari, Suðurgötu 49, Hafnarfirði, hefur mætt sem vitni í máli þessu.

Vitnið kveðst ekki þekkja ákærða, Sigurð Ellert Jónsson.

Vitnið veit, hver Kristinn Hallgeir Árnason er, en hefur ekki séð hann í mörg ár. Vitnið hefur engin viðskipti átt við Alþýðubankann. Vitninu var sýndur tékkinn, er að framan greinir. Vitnið kveðst ekki hafa framselt tékkann, enda sé rithönd þess ekki á honum.

Vitnið Ragnheiður Eggertsdóttir, gjaldkeri í Alþýðubankanum, hefur skýrt frá því, að það hafi starfað upphaflega í innheimtu-deild bankans. Vitnið man eftir nafninu Sigurður E. Jónsson og að maður með þessu nafni kom stundum í viðskiptaerindum í Alþýðubankann. Vitnið þekkti mann þennan ekki í sjón, en kveðst þekkja hann núna. Vitnið tekur þó fram, að það hafi vafalaust oft séð manninn, en það hafi ekki komið honum fyrir sig.

Hinn 12. september 1974 kom maður með framangreindu nafni í Alþýðubankann. Hann hafði útfyllt innlagningarseðilinn, er að

framan greinir, en samkvæmt honum lagði hann inn á sparisjóðsbók 3408020 kr. 650.000. Hann hefur skráð þrjá krossa á seðilinn. Vitnið, sem er gjaldkeri í Alþýðubankanum, afgreiddi manninn. Vitnið minnst þess að hafa átt orðaskipti við hann. Vitnið man ekki nákvæmlega, hvað því og manninum fór á milli, en það var eitthvað í sambandi við framsalið á tékkanum, er hann hafði meðferðis. Eins og áður greinir, kannaðist vitnið ekki við ákærða Sigurð Ellert Jónsson í sjón, en það kannaðist við nafn hans á innlagningarseðlinum. Vitnið staðhæfir, að maðurinn hafi haft meðferðis tékkann á dskj. nr. 2a, að fjárhæð kr. 850.000. Vitnið spurði manninn um framsalið á tékkanum. Minnir vitnið, að maðurinn hafi sagt eitthvað á þá leið, hvort framsalið á tkkanum, Bjarni Erlendsson, dygði ekki. Vitnið sagði, að það skipti ekki máli fyrst búið væri að skrifa framsalið á tékkann og það kannaðist við nafnið Sigurður Jónsson, sem væri viðskiptamaður bankans. Það varð því aldrei úr, að maðurinn ritaði framsal á tékkann. Veitti vitnið tékkanum móttöku. Fóru kr. 650.000 af andvirði hans inn á sparisjóðsbók, en kr. 200.000 fékk maðurinn greiddar í reiðufé. Um leið og afgreiðslan hafði farið fram, skráði vitnið sparisjóðsbókarnúmerið 3408020 á bakhlið tékkans, en það númer var á innlagningarseðlinum.

Vitnið sá tékkann og staðhæfði, að það hefði ritað framangreinda tölu á bakhlið hans. Kveðst vitnið hafa gert þetta í öryggisskyni.

Vitninu var kynntur framburður ákærða, Sigurðar Ellerts Jónssonar. Vitnið staðhæfir, að hluti af andvirði umrædds tékka hafi verið notaður til þess að leggja inn á sparisjóðsbókina, en ekki hafi verið um 650.000 kr. í peningum að ræða, eins og ákærði Sigurður Ellert heldur fram. Kveðst vitnið muna þetta mjög greinilega, þannig að ekkert fari á milli mála.

Hinn 16. september 1974 kom kona með sparisjóðsbók nr. 340820 í Alþýðubankann og hugðist taka út úr henni kr. 200.000. Útfyllti konan úttektarnótu, en setti merkið XXX í stað XX á hana, og var henni því vísað frá. Konan var spurð um eiganda bókarinnar, og sagði hún, að hann væri úti í bifreið við bankann. Fór konan út, en kom aftur og sagði, að eigandinn vildi ekki koma inn. Hvarf hún á brott við svo búið.

Sama dag hringdi ákærði Sigurður Ellert í bankann. Sagðist hann vera veikur og gæti ekki komið til að taka peninga út úr sparisjóðsbók sinni. Spurði hann, hvort það væri ekki í lagi, að

konan kæmi aftur til að taka út úr bókinni og notaði þá annað hvort merkið XX eða XXX, vitnið man ekki hvort heldur var. Konan kom fljótlega aftur eftir þetta, en þá var búið að loka bankanum, og fékk hún ekki afgreiðslu. Daginn eftir, um kl. 0930 að vitnið minnir, hringdi Þór Gunnarsson frá Sparisjóði Hafnarfjarðar og skýrði frá því, að tékki að fjárhæð kr. 850.000 hefði komið til sparisjóðsins frá Alþýðubankanum og útgefandinn Kristinn Árnason kannaðist ekki við að hafa gefið tékkann út. Sagði hann vitninu, að númerið 3408020 stæði aftan á tékknum. Vitnið kannaðist strax við þetta. Fór það upp í bókhald Alþýðubankans og fletti kvittunum upp. Kom þá í ljós, að númer það, þ. e. 3408020, sem skrifað hafði verið aftan á tékkann, var það sama og stóð á innlagningarseðlinum. Hið raunverulega sparisjóðsbókarnúmer Sigurðar Ellerts var 340820, en inn á þá bók höfðu 650.000 kr. verið lagðar. Þá kom það í ljós, að merki það, sem nota átti við innlagningu eða úttekt úr sparisjóðsbók Sigurðar Ellerts Jónssonar nr. 340820 var XX, en ekki XXX, eins og á innleggseðlinum greinir.

Nokkru síðar um morguninn kom konan enn í bankann og ætlaði að taka út úr bókinni. Þá hafði uppgötvast um tékkann, og var lögregla kvödd á staðinn. Ákærði Sigurður Ellert beið í bifreið fyrir utan bankann, og handtók lögreglan hann þar.

Vitnið Þór Gunnarsson, aðalféhirðir og skrifstofustjóri í Sparisjóði Hafnarfjarðar, hefur skýrt frá því, að tékkinn á dskj. nr. 2a, að fjárhæð kr. 850.000, útgefinn af Kristni Árnasyni, hafi borist sparisjóðnum eftir lokun hinn 15. september 1974 og verið bókfærður daginn eftir. Kom í ljós, að innstæða var ekki næg fyrir tékkanum á hlaupareikningi nr. 1079, er útgefandi, Kristinn Árnason, hafði við sparisjóðinn, og vantaði þar verulega upp á. Vitnið kveður tiltölulega lítið hafa verið ávísað á umræddan reikning. Vitnið reyndi að hafa samband við Kristín Árnason, en tókst ekki. Vitnið hafði þá samband við þann gjaldkera í Alþýðubankanum, sem afgreitt hafði tékkann. Kannaðist gjaldkerinn, sem var stúlka, strax við tékkann. Sagði hún, að andvirði tékkans hefði verið lagt inn á sparisjóðsbók, og virtist hún vita, um hvaða mann var að ræða. Vitnið man ekki fyrir víst, hvort sparisjóðsbókarnúmer, sem skráð er á bakhlið tékkans, kom til tals í símtölinu, en rámar eitthvað í, að svo hafi verið. Tékkinn var varðveittur í Sparisjóði Hafnarfjarðar, þar til að morgni 18. september, en þá komu Haukur Bjarnason rannsóknarlögreglumaður og Gísli, skrifstofustjóri í Alþýðubankanum, þangað. Greiddi Gísli

tékkann og fékk hann afhentan. Ljósrit var tekið af tékkanum, áður en hann var látinn af hendi. Ljósritið, sem vitnið hafði meðferðis, var ekki greinilegt, en vitnið kvaðst ekki sjá betur en númerið 3408020, sem er á bakhlið tékkans, sé einnig á ljósritinu.

Vitnið Inga Lára Matthíasdóttir, Hátúni 6, var gift ákærða Sigurði Ellert. Í mars 1974 slitu þau samvistir. Varð að samkomulagi milli þeirra, að ákærði greiddi vitninu framfærslueyri í eitt ár. Greiðsla þessi var ekki á vegum Tryggingastofnunar ríkisins, heldur greiddi ákærði vitninu beint. Vitnið missti son sinn í sjóslýsi, skömmu áður en það fór í Alþýðubankann fyrir ákærða, og í umstangi vegna þessa kveðst það hafa skort peninga. Hinn 17. september hringdi ákærði til vitnisins, og sagði það honum í því samtali, að það þyrfti á peningum að halda. Kom ákærði til þess og greiddi því peninga, sem hann hafði meðferðis. Fór hann fram á það við vitnið, að það færi fyrir hann í Alþýðubankann og tæki út úr sparisjóðsbók hans, því að hann væri lasinn.

Vitnið varð við þessu og fór í bankann. Fyllti það út þar úttektarseðil, en þegar til átti að taka, var um rangan seðil að ræða. Síðan fyllti það út réttan seðil, en þá vantaði á hann merkið, sem átti að vera. Þá fór vitnið út í bifreið til ákærða, og var farið heim til hans. Þar var enn fylltur út úttektarseðill, sem einnig reyndist vera rangt útfylltur, er til kom. Í þriðja sinn, er vitnið hugðist taka út úr bókinni, var búið að loka bankanum. Vitnið lofaði ákærða að koma með honum daginn eftir og taka út þessa peninga. Hann kom í leigubíl heim til þess að morgni 18. september, og fór það með honum niður í banka. Vitnið fyllti út úttektarseðilinn, sem því var sýnt ljósrit af. Kom þá Gísli, skrifstofustjóri bankans, og bað vitnið um að koma með sér upp á loft. Fór vitnið með honum og beið, uns lögreglan kom. Vitnið veit ekkert um tékka þann, sem um er að ræða í máli þessu. Það veit ekkert um fjárhag ákærða og vissi ekki, að um neitt ólöglegt gæti verið að ræða. Vitnið kveðst ekkert hafa ritað á tékkann og ekki séð hann fyrr en við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni. Ákærði minntist ekki á það við vitnið, hvernig hann hefði eignast fé það, sem hann ætlaði að greiða því fyrirfram upp í lífeyri, til þess að það gæti haldið minningarathöfn um son þess.

Ákærði, Sigurður Ellert Jónsson, mætti við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni 18. september 1974. Ákærði kvað það ekki rétt, að hann hefði komið með tékkann að fjárhæð kr. 850.000 í Alþýðubankann og fengið greiddar í peningum kr. 200.000 af andvirði hans, en hitt verið lagt inn á sparisjóðsbók. Hann hefði lagt

kr. 650.000 í peningum inn á sparisjóðsbók sína við bankann hinn 12. september 1974.

Ákærði Sigurður Ellert hefur skýrt frá því, að hann hafi ekið leigubifreið hér í borginni árið 1974. Framan af árinu ók hann á bifreiðastöðinni Hreyfli, en síðan um þriggja mánaða skeið frá því í júní þar til í september á Borgarbílastöðinni. Dagana 11. og 12. september var ákærði við akstur á Borgarbílastöðinni. Rétt eftir miðjan september kveðst hann hafa lent á drykkjutúr, er stóð, uns hann var handtekinn við Alþýðubankann 18. september. Eftir það vann ákærði ekkert það, sem eftir var ársins 1974.

Ákærða var sýndur framangreindur tékki. Ákærði neitaði algerlega að hafa skráð á hann nokkuð það, er á honum greinir, og sé tékkinn sér algerlega óviðkomandi. Ákærði neitaði því að hafa notað tékkann í viðskiptum við Alþýðubankann h/f. Ákærði sá ljósrit af nefndri innleggsnótu. Kannaðist hann við að hafa skráð það, er á henni greinir. Ákærði lagði inn á sparisjóðsbók sína í bankanum kr. 650.000 12. september 1974, svo sem á nótnunni greinir. Ákærði átti sparisjóðsbók númer 340820 við Alþýðubankann. Er því einu núlli ofaukið milli tölustafanna 8 og 2 í númeri bókarinnar, eins og það er skráð á nótnunni.

Ákærði kannaðist ekki við Kristín Árnason, en þegar ákærði sá hann í fangelsinu við Síðumúla, eftir að mál þetta kom til sögunnar, minntist ákærði þess að hafa einhvern tíma ekið honum, um tveimur árum áður að ákærði telur. Ákærði kannast ekki við Bjarna Erlendsson og hefur aldrei heyrt hann nefndan.

Ákærði kveðst kannast við Ragnheiði Eggertsdóttur, gjaldkera í Alþýðubankanum, í sjón. Tekur ákærði fram í því sambandi, að hann hafi komið vikulega í Alþýðubankann á árunum 1973 og 1974. Ákærði kveður Ragnheiði hafa tekið við kr. 650.000, er hann lagði inn á sparisjóðsbók sína nr. 340820, 12. september 1974. Var fjárhæðin öll í peningaseðlum. Ákærða var kynntur framburður Ragnheiðar, og kveðst hann þrátt fyrir það halda fast við framburð sinn.

Ákærði kveðst hafa safnað kr. 650.000, er hann lagði inn í Alþýðubankann 12. september 1974, á sama ári, en ef til vill að svolitlu leyti árið 1973. Ákærði stóð í skilnaði við konu sína, Ingu Láru Matthíasdóttur, Hátúni 6, og skaut peningum undan við búskiptin. Fékk hann Guðlaug Konráð Jónsson, bróður sinn, til að geyma peningana fyrir sig. Ákærði hafði komið til hans fyrir áramótin 1973—1974 og beðið hann um að geyma fyrir sig peninga. Ákærði bað Guðlaug Konráð um að segja engum frá þessu.

Ákærði man ekki, hvort hann setti peningana í umslag, og ekki man hann heldur, hvort hann merkti sér það. Guðlaugur Konráð geymdi peningana á heimili sínu, en hvar, veit ákærði ekki. Ákærði kveðst hafa komið fyrst með rúmar kr. 200.000 til Guðlaugs Konráðs um eða eftir áramótin 1973—1974, en síðan hafi hann komið til hans með peninga í nokkur skipti, sem hann hafi beðið hann að geyma fyrir sig, og hafi lægsta fjárhæðin verið kr. 70.000. Ákærði telur, að hann hafi unnið fyrir fé þessu með akstri bifreiðar sinnar, R 5498, frá Borgarbilastöðinni. Ákærði telur, að hann hafi stundað vinnu sína vel og tekið margar ferðir bæði á stöðinni og eins utan hennar. Ákærði kveðst hafa hringt dyrbjöllunni hjá Guðlaugi Konráði, er hann kom til hans að sækja peningana 12. september og farið síðan upp til hans og inn í eldhús. Beið ákærði þar, uns Guðlaugur Konráð kom og afhenti honum umslagið með peningunum, er voru að fjárhæð um kr. 450.000. Ákærði hafði ákveðið að fara með peninga þessa í banka og einnig peninga, sem hann átti geymda heima hjá sér, er voru að fjárhæð tæpar 250.000 kr. Fór hann með framangreinda peninga sama dag og lagði af þeim kr. 650.000 inn á sparisjóðsbók sína í Alþýðubankanum.

Vitnið Guðlaugur Konráð Jónsson, bróðir ákærða Sigurðar Ellerts, mætti hjá rannsóknarlögreglunni til yfirheyrslu 1. október 1974. Svofelld spurning var lögð fyrir vitnið: „Hefur maðti haft með höndum peninga fyrir Sigurð Ellert Jónsson að undanfögnu?“ Vitnið kvaðst neita að ræða mál þetta á þeirri forsendu, að það hefði ekkert með það að gera og vildi ekki bera vitni í því, nema réttargæslumaður ákærða óskaði eftir því sérstaklega.

Vitnið féllst á að bera vitni í málinu fyrir dómi.

Hefur það skýrt frá því, að það hafi fengið lánaðar hjá ákærða kr. 200.000 í janúar eða febrúar árið 1974. Lánið átti að vera til stutts tíma. Þegar til kom þurfti vitnið ekki á peningunum að halda og tilkynnti ákærða, að hann gæti sótt þá til sín. Ákærði gerði það ekki, en síðan bætti hann við upphæðina og kom peningunum til geymslu hjá vitninu, þannig að upphæðin var orðin 450.000 kr. Ákærði minntist ekkert á, hvernig hann hefði aflað peninganna, og spurði vitnið hann ekki um það. Vitnið geymdi peningana í læstum skáp heima hjá sér. Vitnið segir, að hinn 10. eða 11. september 1974 hafi ákærði komið heim til þess og sótt peningana. Ekki man vitnið, hvort ákærði hafði orð á því, hvað hann ætlaði að gera við þá. Vitnið kveður engin vitni vera að því, er að framan greinir.

Vitninu var kynnt skýrsla þess hjá rannsóknarlögreglunni 1. október 1974, og kveður það hana rétta. Það stóð aldrei á vitninu að bera vitni í máli þessu, ef réttargæslumaður ákærða óskaði eftir því.

Rannsóknarlögreglan gerði húsleit hjá ákærða að Bárugötu 6 27. september 1974. Húsleitinn var gerð með samþykki hans og að honum viðstöddum. Ákærði bjó í einu kjallaraherbergi í húsinu. Ákærði benti á tvær bækur, sem höfðu að geyma ýmsar tölur, og kvað hann þetta vera kompubækur sínar. Einnig var þarna gömul „gormabók“, sem hafði að geyma ýmsar tölur. Ákærði afhenti nótur í möppu, og kvað hann vera þar ýmsa reikninga, er hann hefði greitt á árinu. Einnig voru í brúnu umslagi afrit af skattskýrslum hans ásamt fylgiritum með þeim. Gerð var leit að pennum, sem hugsanlega gætu hafa verið notaðir við ritun á áður nefndum tékka. Ákærði kvaðst eiga tvo kúlupenna og afhenti þá. Á gólfi undir borði í herberginu var stór brúnn kassi, sem í var ýmis mynt. Kvað ákærði hana vera um 175.000 kr. virði. Ákærði var spurður, hvort hann hefði ekkert bókhald yfir rekstur bíls síns, en hann kvað það ekki vera. Hins vegar héldi hann til haga öllum nótum yfir greiðslur fyrir bílinn. Gögn þessi voru tekin í vörslu lögreglunnar, en myntin skilin eftir.

Ákærða voru sýnd gögn þau, er rannsóknarlögreglan lagði hald á heima hjá honum við húsleitina, og hafði hann þetta um þau að segja:

„Brúna stóra umslagið er með skattskýrslum og fylgiskjöllum þeim tilheyrandi.

Vasabækurnar með tölunum eru ritaðar af mér, en þetta eru rissbækur og því ekki mark takandi á þeim. Rauða gormabókin er gömul rissbók.

Skjalamappan hefur að geyma þá reikninga, sem ég hef innt af hendi á þessu ári.“

Reikningarnir frá árinu 1974, sem fundust við húsleitina hjá ákærða, voru samtals að fjárhæð kr. 487.981. Ekki var þar um að ræða neinar greiðslur fyrir matarkaup né heldur kemur fram, að ákærði ætti að greiða eiginkonu sinni kr. 10.000 á mánuði skv. samningi, er þau gerðu við skilnað.

Ákærði kveðst hafa greitt reikninga þessa af eigin fé að undanskildum reikningi frá Kornelíusi Jónssyni, að fjárhæð kr. 24.970. Sá reikningur sé vegna stofuklukkku, sem hann hafi keypt fyrir móður sína, og hafi hún greitt andvirðið sjálf. Þá sé reikningur frá Herrahúsinu, skráður á bifreiðina R 5498, þannig tilkominn,

að maður, sem ákærði hafi verið að aka, hafi keypt fót í Herra-húsinu og látið ákærða fá reikninginn, er hann fór úr bifreiðinni. Loks hafi ýmsir smáreikningar, sem ákærði tilgreindi ekki nánar, verið skildir eftir í bifreið hans.

Ákærði kveðst hafa haft um það bil 1.200.000 í tekjur árið 1974 fram til 18. september. Ákærða var bent á, að þegar reikningarnir, greiðslur til fyrrverandi eiginkonu og kr. 650.000, sem hann kveðst hafa lagt inn í Alþýðubankann, hafi verið lagt saman, vanti á lífeyri. Ákærði tók þá fram, að hann hafi haft fyrirvara með reikningana. Hann geti fullyrt, að með ýtrasta sparnaði og ráðdeildarsemi hafi hann getað lifað af þeim peningum, sem eftir voru, þegar fyrrgreindir reikningar höfðu verið greiddir. Hann geti ekki alveg fullyrt, hve miklar tekjur hann hafi haft á árinu 1974, en hann telji kr. 1.200.000 lágmark.

Aftur var gerð húsleit heima hjá ákærða að Bárugötu 6 hinn 26. maí 1975, og framkvæmdu hana rannsóknarlögreglumennirnir Haukur Bjarnason og Pálmi Matthíasson. Leitin var gerð með samþykki ákærða og að honum viðstöddum. Í skjalabunka, er var uppi á stofuskáp í herbergi ákærða, voru reikningar og skjöl varðandi kaup á bifreið hans ásamt nótum yfir rekstrarkostnað bifreiðarinnar. Skjöl þessi voru í tveimur búnum. Í öðrum þeirra, er í voru að mestu skjöl varðandi kaup á bifreiðinni, var skrif-blokk (gormablokk). Þegar henni var flett, kom í ljós, að fremst í henni var ritað með rauðum penna ýmis minnisatriði varðandi mál þetta og þar rakið bæði það, er var með og móti ákærða í því. Þegar blokkinni var snúið við og byrjað að lesa hana aftan frá, kom í ljós, að þar voru útreikningar og riss ásamt nafni ákærða. Á baksíðu þess blaðs voru einnig útreikningar, en á næstu síðu þar við var ritað:

„Bjarni Erlendsson

Suðurgötu 49, Hf.

S: 50156

850.000 00/100“

Blaðinu er skipt í tvennt með pennastriki, og á neðri hluta stendur:

„Handhafa

Áttahundruð og fimmtíuþúsund.

1079

13/7 1931

11/9“

Annað í skjalabunkanum snerti ekki mál þetta.

Ákærði gaf þá skýringu á þessu, að hann hafi verið að skrifa

nafn þetta ásamt því, er ritað er á efri hluta blaðsins, sér til minnis og glöggvunar vegna máls þessa, en hins vegar hafi einhver farþegi, er verið hafi í bifreið hans, ritað það, er var á neðri hluta blaðsins. Ekki kvaðst ákærði muna, hver það var, en bætti við, að hann hefði beðið ýmsa menn um að skrifa fyrir sig þetta nafn til samanburðar.

Í gormablokkinni, er lagt var hald á hjá ákærða, stendur m. a. þetta:

„Mínus:

1. Óviss ábending gjaldkera.
2. Óvisst rithandarsýnishorn.
3. Peningar lagðir á banka sama dag og ávísun.
4. Númer bankabókar á ávísun (Hvenær ritað?).
5. Tilraun til úttektar á tæpum 1/3 innstæðu 6 dögum frá innleggi.

Plús:

1. Peningar lagðir á eigin reikn.
2. Reikn. óhreyfður í 6 daga þ. m. t. innleggsdagur.
3. Engin tilraun gerð til að fela eða dylja innstæðu.
4. Rétt nafn notað við innlegg á reikn.
5. Lagt inn kr. 650.000 (ekki kr. 850.000).
6. Sönnun fyrir kr. 450.000.
7. Sönnun fyrir kr. 150.000.
8. Nafn mitt ekki á ávísun.
9. Útgefandi kannast ekki við mig.
10. Tengsli milli mín og útgefanda eru ekki fyrir hendi.
11. Aldrei verið tengdur ávísanasvikum.
12. Ætlun á úttekt kr. 200.000 ekki óeðlileg.
13. Löng viðskipti mín við Alþýðubankann.
14. Kynni og reynsla á starfsháttum bankans í sambandi við framsal ávísana. Nákvæmt eftirlit.
15. Að gjaldkeri kallar upp nafn mitt af innleggsseðli, en annað nafn er á ávísun.
16. Afdráttarlaus neitun mín þrátt fyrir sálfræðilegar og líkamlegar þvinganir.
17. Ekkert óeðlilegt við peningaeign mína.
18. Vinnutími og tekjur fara saman.
19. Fjármagnspörf engin fyrir hendi.
20. Næstum daglega útfylltar ávísanir fyrir farþega, sem voru óskrifandi.

21. Fjöldi ávísana í höndum vikulega og aldrei um misnotkun að ræða.“

Þá fannst eftirfarandi skráð í blokkinni:

„Ejarni Erlendsson,
Suðurgötu 49, Hf.
S 50156.
850.000 00/100

Handhafa
áttahundruð og fimmtíuþúsund
1079

13/7 1931

11/9“

Rannsóknarlögreglan sneri sér til Úlfs Markússonar, formanns bifreiðastjórafélagsins Framma, vegna framburðar ákærða um tekjur sínar árið 1974. Úlfur kvað framburð ákærða um, hvað hann hefði ekið inn, ekki fá staðist. Hrólfur Ástvaldsson hjá Hagstofu Íslands hefði tekið saman yfirlit yfir áætlaðan rekstrarkostnað á leigubifreiðum og vinnulaun leigubifreiðarstjóra. Fékk rannsóknarlögreglan yfirlit þetta í hendur, og er það sem hér segir:

„Áætlaður rekstrarkostnaður leigubifreiðar (með bensínvél) á ársgrundvelli. Miðað er við 45.000 km akstur á ári og 40 tíma dagvinnu á viku.

	Fjárhæðir í krónum		
A. Fastur kostnaður.	15/3'74	11/9'74	1)
1. Afskrift bifreiðar, 15% á ári	97.500	153.000	57
2. Afskrift talstöðvar og mælis 10%	15.000	21.300	42
3. Vextir af stofnfé	57.600	118.400	106
4. Iðgjald af tryggingu bifreiðar	23.000	21.600	÷6
5. Skattar af bifreiðinni	12.112	12.112	0
6. Stöðvargjald	60.000	70.800	18
	265,212	397.212	49,77

B. Breytilegur kostnaður.

1. Bensín, 8000 ltr. á ári	240.000	392.000	63
2. Smurning og olía, 20 sinnum á ári	12.180	15.200	25
3. Dekk, 8 stk. á ári	40.000	60.000	50
4. Varahlutir	30.000	44.400	48
5. Verkstæðisvinna	40.000	42.100	5

6. Eigin áhætta í tjónum	4.600	8.000	74
7. Launaskattur og aðstöðugjald	25.000	28.000	12
8. Ýmis útgjöld	15.000	18.000	20
	406.780	607.700	49,39
Samtals A plús B	671.992	1.004.912	49,54
C. Vinnulaun bifreiðastjóra.	636.444	678.444	4,60
Samtals A, B og C	1.308.436	1.683.356	28,65

- 1) Hækkun í prósentum frá 15/3 til 8/10 1974. Hækkunin er í sumum tilfellum gróft áætluð.“

Rannsóknarlögreglan kannaði akstur ákærða í bókum Borgarbílastöðvarinnar. Tók könnunin yfir tímatalið frá 27/5—14/9 1974, eða alls 110 daga. Leiddi hún í ljós, að ákærði hafði starfað á þessum tíma í 57 daga á Borgarbílastöðinni, og var fjöldi ökuferða á dag, sem hér segir:

1 ökuferð á dag	5 sinnum
2 ökuferðir á dag	10 sinnum
3 ökuferðir á dag	8 sinnum
4 ökuferðir á dag	4 sinnum
5 ökuferðir á dag	4 sinnum
6 ökuferðir á dag	6 sinnum
7 ökuferðir á dag	5 sinnum
8 ökuferðir á dag	2 sinnum
9 ökuferðir á dag	1 sinni
10 ökuferðir á dag	3 sinnum
11 ökuferðir á dag	2 sinnum
14 ökuferðir á dag	2 sinnum
17 ökuferðir á dag	2 sinnum
19 ökuferðir á dag	1 sinni
20 ökuferðir á dag	2 sinnum

Ákærði starfaði hins vegar ekki samkvæmt bókunum á þessu tímabili í 53 daga.

Ákærði tók fram varðandi framangreinda könnun, að hann hafi ekki haft tækifæri til að bera þetta saman sjálfur, en dragi ekki í efa, að rétt sé með farið. Geti hann ekki tjáð sig um þetta frekar, en endurtók fyrri yfirlýsingar sínar um, að akstur sinn sem leigu-

bifreiðarstjóra byggðist að mestu á kvöld- og næturakstri og þá hefðu verið teknir túrar á götum og við veitingahús, sem ekki voru skráðir á stöðinni. Þessi skrá sé því ekki raunhæf, hvað akstur sinn snerti.

Ákærði kveðst ekki geta gefið upp, hverjar tekjur hans hafa verið á árinu 1974, en vísaði til þess, er áður greinir. Ákærði kveðst hafa skráð rauntekjur sínar í bók, sem hann veit ekki, hvar er, en taldi hana hafa átt að vera uppi á fataskáp heima hjá sér. Bókin fannst ekki við húsleit. Ákærða voru sýnd afrit af skattskýrslum hans, sem hann telur réttar og gefnar samkvæmt rekstrarreikningi. Hann kveðst hvergi hafa unnið annars staðar en við leigubílaakstur. Hann hafi unnið mikið árið 1974, því að hann hafi verið að safna peningum til kaupa á nýjum leigubíl, en hafi hætt við bílakaupin í bili vegna hækkandi verðs.

Vegna athugana á fjármálum ákærða árið 1974 þykir rétt, að það komi fram, að samkvæmt tilkynningu til lögreglustjórans í Reykjavík, dags. 23. apríl 1974, seldi ákærði Guðrúnu Sigurjónsdóttur bifreið sína, R 5498, hinn 24. apríl það ár. Eru eignaskiptin skráð í spjaldskrá Bifreiðaeftirlits ríkisins hinn 26. apríl.

Guðrún Jóna Sigurjónsdóttir, þá til heimilis að Arahólum 4, hefur mætt í máli þessu. Kveðst vitnið hafa farið að búa með ákærða í byrjun apríl þetta ár og hafi verið ætlun þeirra að ganga í hjónaband. Tók ákærði á leigu íbúð að Hörðalandi 4 um mánaðamótin júlí og ágúst og greiddi fyrirfram leiguna, sem hann sagði vitninu, að væri kr. 175.000. Sagðist ákærði hafa tekið upphæðina út úr banka. Strax eftir að ákærði hafði gert húsaleigusamninginn, lenti hann á drykkjutúr. Kveðst vitnið þá hafa séð, að ekkert yrði úr þessu. Sleit það sambúð við ákærða, og fór hann á brott úr íbúðinni. Vitnið sá yfirlit yfir bankainnstæður ákærða hjá Alþýðubankanum, svo sem að framan er rakið, en samkvæmt því höfðu verið teknar út úr bankanum af bankainnstæðu ákærða kr. 175.000 hinn 1. ágúst. Húsaleigusamningurinn hafði verið gerður þann dag, en daginn áður hafði ákærði tekið út kr. 100.000 að vitnið minnir.

Nokkru eftir að vitnið og ákærði kynntust, sagði hann því, að hann hefði lent í klandri vegna þess, að hann hefði farið fyrir kunningja sinn inn í Búnaðarbankann, leyst þar út 250.000 kr. ávísun og framselt hana með sínu nafni, en síðar komið í ljós, að innstæða var ekki fyrir tékkanum. Hefði bankinn þá gert kröfu á sig, og til þess að bankinn gæti ekki tekið bifreið hans, bað hann vitnið um að fá að skrá hana á nafn þess, svo að hann væri eigna-

laus, á meðan hann væri að ganga frá máli þessu. Þar sem vitnið ætlaði að giftast ákærða, samþykkti það þetta, og var bifreiðin færð á nafn þess, án þess að það greiddi neitt fyrir hana. Ákærði sagði vitninu síðar, að búið væri að ganga frá málinu, og lofaði að færa bílinn aftur á sitt nafn. Það gerði hann ekki, og var bifreiðin áfram á nafni vitnisins. Vitnið kveður ekki hafa verið um það að ræða, að það keypti bifreiðina né að ákærði gæfi því hana.

Seinni part sunnudagsins 27. október hringdi ákærði heim til vitnisins og það það um að standa með sér í því, að hann ætti ekki bílinn, heldur það, því að hann hefði grun um, að kyrrsetja ætti bílinn í fógetarétti. Vitnið sagði ákærða, að það tæki engan þátt í neinu svindli hans og fyrri skýrsla þess stæði um það, að hann ætti raunverulega umræddan bíl. Ákærði reyndi að tala vitnið á sitt band, en vitnið vildi ekki á þetta fallast.

Þá hefur vitnið skýrt frá því, að um það bil sem það og ákærði slitu samvistir hafi ákærði verið drukkinn. Geymdi ákærði kr. 60.000 uppi í skáp hjá vitninu, og faldi það peningana fyrir honum, á meðan hann var við drykkjuna. Ákærði framleigði íbúðina að Hörðalandi 4, og var þá vitnið á hrakhólum með húsnæði. Var þessum 60.000 krónum varið til þess að greiða húsaleigu fyrirfram fyrir aðra íbúð, og kveðst vitnið ekki telja sig skulda ákærða neitt.

Við upphaflega yfirheyrslu út af yfirfærslu bifreiðarinnar R 5498 á nafn Guðrúnar Jónu kvaðst ákærði ekki vilja tjá sig um það á þessu stigi málsins.

Við síðari yfirheyrslu skýrði ákærði frá því, að það væri rétt, er í sölutilkynningunni greinir, að bifreiðin hafi orðið eign Guðrúnar Jónu 23. apríl 1974, en með dráttinn á tilkynningunni sé annað mál. Ákærði kveður ástæðuna til þess, að hann færði bifreiðina yfir á nafn Guðrúnar Jónu hafa verið þá, að hann hafi óttast, að fyrrverandi eiginkona hans mundi ef til vill gera á hendur honum frekari kröfur, sem bifreiðin stæði þá fyrir. Ákærði var trúlofaður Guðrúnu Jónu á þessum tíma, og ætluðu þau að ganga í hjónaband. Ákærði kveður fyrrverandi eiginkonu sína hafa verið að tala um að taka bifreiðina af honum í skiptum þeirra, en hann taldi, að hann hefði gengið frá skiptunum á réttlátan hátt.

Samprófun milli ákærða og vitnisins bar ekki árangur, og hélt hvort þeirra fast við framburð sinn um það, er á milli ber.

Guðrún Jóna sagði, að hafi ákærði haft það í huga, að fyrrverandi eiginkona hans mundi ef til vill reyna að gera frekari kröfur á hendur honum, þá hafi hann ekki sagt sér það, heldur

hitt, að bifreiðinni þyrfti hann að skjóta undan hugsanlegri aðför Búnaðarbankans.

Ákærði gerði enga skattskýrslu fyrir árið 1974, og kveður hann ástæðuna hafa verið þá, að honum hafi verið meinaður aðgangur að skjölum þeim, sem lagt var hald á hjá honum.

Aflað var skattskýrslna ákærða fyrir skattárin 1970—1973. Voru tekjur hans samkvæmt þeim sem hér segir: árið 1970 kr. 196.743, árið 1971 kr. 362.376, árið 1972 kr. 479.385 og árið 1973 kr. 353.353. Eign í peningum er engin talin né heldur inneignir í bönkum, að undanskyldu því að við áramót 1971—1972 er talin inneign á sparisjóðsbók nr. 327727 við Alþýðubankann kr. 20.278 og vaxtatekjur kr. 278.

Maríu Bergmann skriftarfræðingi, Fjölnisvegi 9 hér í borg, var falið að annast skriftarrannsókn á því, hvort rithönd ákærða Sigurðar Ellerts væri á margnefndum tékka. Segir svo um þetta í álitssgerð hennar, dags. 26. september 1974:

„Að lokinni athugun á rithandarsýnishornum rithandar Sigurðar Ellerts Jónssonar, sem merkt eru A B C og D og fylgja álitssgerð þessari, og athugun á ljósprentunum af tékka, er einnig fylgja hér með og sem merktar eru X og Y (Mér hefur einnig verið sýnt frumrit tékkans) er álit mitt svohljóðandi:

Rithönd Sigurðar Ellerts Jónssonar er á sýni Y, þar sem stendur Bjarni Erlendsson Suðurgötu 49 Hf. S. 50156. Einnig er rithönd Sigurðar Ellerts á sýni X, þar sem rituð er upphæð tékkans í tölustöfum. Dæmi um einstaklings einkenni rithandarinnar:

1. Tenging stafsins S við i í orðinu Sigurður á sýni A og tenging stafsins B við j í orðinu Bjarni á sýni Y.

2. Ritun stafsins r í orðinu Sigurður á sýni A og ritun þess sama stafs á sýnum B C og D annars vegar og ritun stafsins r í orðunum Erlendsson og Suðurgötu á sýni Y hins vegar.

3. Leggmyndun stafanna g og j á sýnum A B C og D á sýni Y.

4. Ritun stafanna rle í orðinu Erlendur og Erlendsson á sýnum B og C og ritun þeirra sömu stafa í sama orði á sýni Y.

5. Ritun stafsins S á sýni A og ritun þess sama stafs á sýni Y.

6. Ritun stafsins ð á sýnum A og C og ritun þess sama stafs á sýni Y.

7. Ritun stafsins H á sýnum B C og D og á sýni Y.

8. Stafagerð og halli skriftarinnar er hinn sami á nefndum sýnum.

Einnig hef ég athugað rithandarsýnishorn rithandar Ingu Láru Matthíasdóttur á sýnum þeim, sem merkt eru með E og F og

fylgja álitargerð þessari. Að þeirri athugun lokinni er álit mitt svolhljóðandi:

Rithönd Ingu Láru er á sýni X, þar sem ritað er með skrifstöfum, að undanskilinni undirskrift tékkans.

Dæmi um einstaklings einkenni rithandarinnar:

1. n-in á sýni E og ritun þess sama stafs á sýni X er eins. Ath. n-in í orðinu Jónsson á sýni E og n-ið í orðinu þúsund á sýni X.

2. Ritun stafsins h á sýnum E og F og ritun þess sama stafs á sýni X.

3. Belgmyndun á miðhluta stafsins þ á sýni F, þar sem orðið fimmtíuþúsund er ritað í fyrra skiptið og belgmyndun miðhluta þess sama stafs á sýni X.

4. Ritun stafsins a er hin sama á öllum sýnishornum. Sérstaklega er áberandi dæmi um slíkt í orðinu Inga á sýni E, annað a-ið í orðinu Handhafa (í seinna skiptið sem það er ritað) á sýni F og a-ið í orðinu Áttahundruð á sýni X.

5. Stafagerð og halli skriftarinnar er hinn sami á nefndum sýnum.

Niðurstöður þær, sem hér fara að ofan, eru fengnar skv. kerfi því í rithandarfræði, sem kennt er og notað af International Graphoanalysis Society, Inc. í Chicago, U.S.A. og félagsmenn þess hafa einkarétt á.“

Danska lögreglan var einnig fengin til að annast skriftarrannsókn. Segir svo um rannsóknina í greinargerð ríkislögreglustjóra, tæknideild (skjaladeild), dags. 5. mars 1975, undirritaðri af U. Filtenborg og Jörgen Juhler:

„Frá sakadómi Reykjavíkur er mál ÖÅ/ps varðandi skjalafals móttekin beiðni um rannsókn á:

UMDEILDU:

Fylgiskjali A — ávísun nr. 73671 frá Sparisjóði Hafnarfjarðar. Gefin út 11/9 1974. Að upphæð kr. 850.000.00. Undirrituð Kristinn Árnason, framseld „Bjarni Erlendsson, Suðurgötu 49, S. 51056.“

RITHANDARSÝNISHORN:

Fylgiskjal a1 — a17 — rithandarsýnishorn, gerð af Sigurði Ellert Jónssyni (13/7 1931 á Íslandi).

Fylgiskjal B1 — b11 — rithandarsýnishorn, gerð af Ingu Láru Matthíasdóttur.

Fylgiskjal C1 — c11 — rithandarsýnishorn, gerð af Guðrúnu Jónu Sigurjónsdóttur.

Fylgiskjal d1 — d11 — rithandarsýnishorn, gerð af Bjarna Er-
lendssyni.

Fylgiskjal e1 — e4 — rithandarsýnishorn, gerð af Kristni Árna-
syni.

Beðið er um rannsókn á því, hvort framsalið á bakhlið ávísunar-
innar gæti verið gert af einhverjum þeirra, er gert hafa umrædd
rithandarsýnishorn, og einnig óskast það rannsakað, hvort ein-
hver þeirra hefði getað skrifað hluta af því, sem skrifað er á fram-
hlið ávísunarinnar, þar eð gert er ráð fyrir, að gerðar hafi verið
viðbætur, ef til vill leiðréttingar, á textanum.

MAT Á UMDEILDRI RITHÖND:

Hin umdeilda rithönd á fram- og afturhlið ávísunarinnar er
skrifuð með kúlupenna með bláum, seigfljótandi lit, og skriftar-
gerðin, sem notuð er, er vanaleg skrift, sem hallast til hægri.

Innbyrðis samanburður á hinni umdeildu skrift sýnir, að sá,
sem hefur skrifað undir ávísunina, er, að því er virðist, ekki sá
sami, sem hefur skrifað á framhlið ávísunarinnar að öðru leyti,
og að á milli framsals og rithandarinnar á framhlið ávísunarinnar,
að undantalinni undirskriftinni, er samræmi á einstöku atriðum,
sem veldur því, að ekki er hægt að útiloka, að sá sami hafi skrifað
þennan hluta af hinni umdeildu skrift.

Þar sem upphæðin er skrifuð í bókstöfum, sést í orðinu „atte
hundred“ leiðrétting. Þannig sýnir rannsókn undir smásjá, að
mjög vel hefur getað staðið „atta tusine“, sem síðan er leiðrétt í
„atta hundred“.

Við efnagreiningu á seigfljótandi lit skriffærisins hefur ekki
fundist mismunur, og þess vegna verður að gera ráð fyrir því, að
notaður sé sami kúlupenni, eða kúlupenni af sömu gerð, til þess
að skrifa alla hina umdeildu skrift.

Það er þannig ekki mögulegt að kveða á um, hvort gerðar eru
viðbætur við skriftina á framhlið ávísunarinnar.

Um hina umdeildu skrift má ennfremur taka fram, að hún er
dálítið hirðuleysisleg, og sums staðar óörugg. Undirrituðum virð-
ist þó, að skriftin sé gerð af meðalgóðum skrifara. Það hirðuleysi,
sem kemur fram í skriftinni, gæti verið orsakað af ráðnum hug,
en gæti líka verið af ytri/innri áhrifum.

Sem einkenni rithandarinnar má meðal annars nefna gerð upp-
hafsstafsins (stór bókstafur) „B“, hinn nokkuð áberandi lokaði

neðri hluti upphafsstafsins „E“, og gerð upphafsstafsins „S“, tilhneiging til að skreyta neðri hluta litlu bókstafanna „g“ og „j“, ásamt gerð litla bókstafsins „r“. Af einkennum á tölunum má meðal annars nefna ritháttinn á tölunni „0“, og hve áberandi talan „6“ endar.

Að frátalinni hinna nefndu leiðréttingu, þar sem upphæðin er skrifuð í bókstöfum, er ekki að sjá merki eftir vélræna fölsun né fríhendis fölsun, en vel má gera ráð fyrir, að vissa hluta af hinni umdeildu rithönd hafi verið reynt að afbaka.

MAT RITHANDARSÝNISHORNANNA:

Öll rithandarsýnishornin, að undanskildum ljósritum, eru gerð með kúlupennum með bláum og svörtum seigfljótandi lit, og skriftarformið, sem er notað, er vanaleg rithandarskrift, sem er á mismunandi stigum.

Undirrituðum virðist, að allir þeir, sem gefið hafa rithandarsýnishorn, hafi notað hina vanalegu rithönd í rithandarsýnishornunum.

Með tilliti til rithandarsýnishornanna — fylgiskjal e1 — e4, sem skrifuð eru af hlutaðeigandi Kristni Árnasyni, sýna þau miklar truflanir í hinni samræmdu hreyfingu línunnar. Þessar truflanir geta komið af skjálfta eða vöðvatruflunum hjá skrifaranum.

Af einkennum í rithandarsýnishornunum er rétt að benda sérstaklega á einkenni í rithandarsýnishornunum, sem eru gerð af hlutaðeigandi Jónssyni, sem eru þau sömu og nefnd eru í kaflanum Mat á umdeildri rithönd.

SAMANBURÐUR:

Við samanburð á hinni umdeildu skrift á fylgiskjali A og rithandarsýnishornunum a1 — a17 hefur fundist samræmi í einstöku atriðum milli skriftarinnar á framhlið ávísunarinnar og rithandarsýnishornanna, hvað varðar gerð bókstafa og rithátt, en hins vegar hefur fundist gott samræmi milli umdeilds framsæls og rithandarsýnishornanna, bæði hvað varðar rithandargerð, ritleikni, hlutföll, ásamt gerð hinna einstöku bókstafa og rithátt þeirra.

Samanburður á hinni umdeildu skrift á fylgiskjali A og rithandarsýnishornunum að öðru leyti sýnir ekki tilsvarende samræmi.

Hjálagt fylgir mappa, sem inniheldur ljósmyndir af hluta af

samanburðarefninu. Á ljósmyndunum er nokkuð af þeim sam-eiginlegu einkennum, sem fundist hafa, merkt með rauðu.

NIÐURSTAÐA:

Að lokinni rannsókn álíta undirritaðir sig geta talið, að líkindi fyrir, að hin umdeilda skrift á framhlið fylgiskjals A sé gerð af hlutaðeigandi Jónssyni, séu fyrir hendi. Ennfremur álíta undirritaðir sig hafa rétt til að segja, að það hljóti að vera afar líklegt, að framsalið á fylgiskjali A sé gert af hlutaðeigandi Jónssyni. Það skal að lokum tekið fram, að við rannsóknina og niðurstöðuna er tekið tillit til þess, að um er að ræða erlenda skrift, þar sem koma fyrir skriftákn (bókstafir), hverra þýðing er undirrituðum óþekkt.“

Ákærða var kynnt niðurstaða framangreindrar skriftarrannsóknar. Ákærði kveðst ekkert hafa um hana að segja annað en að skriftarfræðingarnir, er gerðu hana, hafi á röngu að standa.

Við leitina hjá ákærða fannst svohljóðandi bréf eða uppkast að bréfi í skrifblokk, dags. 26. október 1974 í Reykjavík:

„To Mr. Ragnar Numelin.

Dear sir.

I am writing you this letter because it seems I am in need of your help.

I am acused of writing a name on the wich photostat fellows I did not.

If my writhing is on this paper please feel free to say so.

I can see simelorety myself, and so do others. But in writing your book; Grafologin (?) som vetenskap, I feel that you are able to give opinion.

Please have in mind that I will be able to use your opinion in my favore or, but I will also send yours opinion to the juris.

At this moment I am not able to pay you, but I will“.

Í sömu blokk og að framan greinir var ritað, svo sem áður er rakið, nafn Bjarna Erlendssonar, heimilisfang, símanúmer svo og talan 850.000.

Ákærði var inntur eftir þessu í dómi og beðinn um nánari skýringar. Ákærði skýrði svo frá, að hann hafi verið að rita bréf til sænsks rithandarsérfræðings og hafi hann í því skyni ritað framsalið Bjarni Erlendsson á blokkina eins og það var á tékkanum. Kveðst hann hafa fengið ljósrit af tékkanum hjá Hauki Bjarna-syni rannsóknarlögreglumanni.

Ákærði hætti við að senda rithandarsýnin til rithandarsérfræðingsins, þar sem honum var sagt, að hann væri súkur og hættur störfum á þessu sviði.

Niðurstöður.

Eins og að framan er rakið, kveðst ákærði Sigurður Ellert hafa komið í Alþýðubankann hinn 12. september 1974 og lagt inn á sparisjóðsbók sína nr. 340820 við bankann kr. 650.000. Hann hefur haldið því fram, að þetta hafi verið í reiðufé. Ragnheiður Eggerdsdóttir, gjaldkeri í bankanum, er afgreiddi ákærða, staðhæfir hins vegar, að komið hafi verið með tékkann að fjárhæð kr. 850.000 og lagt inn á bókina kr. 650.000 af andvirði hans, en mismunurinn, kr. 200.000, verið greiddur í peningum. Hefur hún máli sínu til stuðnings bent á, að hún hafi skrifað töluna 3408020 aftan á tékkann strax að afgreiðslu lokinni, en það er sú tala, sem ákærði skráði á innlagningarseðilinn sem númerið á sparisjóðsbók hans. Þá hefur María Bergmann skrifarfræðingur lýst það álit sitt, að rithönd ákærða sé, þar sem stendur á tékkanum Bjarni Erlendsson, Suðurgötu 49, Hf. S. 50156, og einnig þar sem rituð er upphæð tékkans í tölustöfum, og tveir skrifarfræðingar hjá dönsku lögreglunni telja, að líkindi séu fyrir því, að ákærði hafi skrifað það, sem á framhlið tékkans greinir, og að afar líklegt sé, að framsalið Bjarni Erlendsson sé gert af ákærða. Loks hefur ákærði að áliti dómsins ekki getað gert nægilega grein fyrir því, hvernig hann fór að afla þeirra 650.000 króna, sem hann lagði inn á sparisjóðsbók sína framangreint sinn og hann hefur haldið fram, að hafi verið í reiðufé. Þegar þetta er virt svo og margháttuð grunsamleg framkoma ákærða í máli þessu, svo sem að hann veigrar sér við því að fara inn í Alþýðubankann sjálfur til að taka út úr sparisjóðsbókinni, en fær annan til að annast það fyrir sig, þá telur dómurinn, að þrátt fyrir neitun ákærða séu lögfullar sannanir fram komnar fyrir því, að hann hafi útfyllt margnefndan tékka, sem átti að vera að fjárhæð kr. 850, með fjárhæðinni kr. 850.000 og falsað á hann framsalið Bjarni Erlendsson, en Kristinn Árnason hafði áður ritað nafn sitt á tékkann sem útgefandi. Í framhaldi af þessu, hafi ákærði farið með tékkann í Alþýðubankann og lagt kr. 650.000 af andvirði hans inn á sparisjóðsbók sína við bankann, en fengið kr. 200.000 greiddar í peningum.

Þetta atferli ákærða varðar við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin með hliðsjón af 77. gr.

almennra hegningarlaga 1 árs fangelsi. Til frádráttar refsingunni þykir rétt að komi 20 dagar, er ákærði sat í gæsluvarðhaldi.

Guðjón Steingrímsson hæstaréttarlögmaður hefur krafist þess f. h. Alþýðubanka Íslands h/f og Kristins Árnasonar, að ákærði verði dæmdur til að greiða Alþýðubanka Íslands h/f kr. 200.000 ásamt 2% vöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 12. september 1974 til greiðsludags og að löghald, er gert var í bifreiðinni R 5498 af hálfu dómsins í fógetarétti Reykjavíkur hinn 28. október 1974 til tryggingar kröfunni, verði staðfest.

Ákærði hefur mótmælt kröfunni og krafist sýknu af henni.

Með tilvísun til þess, sem að framan greinir, ber að taka kröfu þessa til greina og dæma ákærða til að greiða Alþýðubanka Íslands kr. 200.000 ásamt 2% vöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 12. september 1974 til greiðsludags. Þá ber að staðfesta framangreint löghald, enda hefur verið fylgt um það ákvæðum laga um kyrrsetningu og lögbann svo og ákvæðum 144. gr. laga nr. 74/1974.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Hákonar Árnasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 80.000.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Ellert Jónsson, sæti fangelsi í 1 ár. Til frádráttar refsingunni komi 20 gæsluvarðhaldsdagar.

Ákærði greiði Alþýðubanka Íslands h/f kr. 200.000 ásamt 2% vöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 12. september 1974 til greiðsludags. Löghald, er gert var í bifreiðinni R 5498 hinn 28. október 1974 til tryggingar kröfunni, staðfestist.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Hákonar Árnasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 80.000.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.